

Stuðlað að auknu öryggi í hverfum Reykjavíkur

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, undirrituðu í dag tveggja ára samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) á sviði öryggis- og forvarnarmála. Markmið samningsins er að stuðla að auknu öryggi almennings í borginni með markvissu samstarfi LRH og Reykjavíkurborgar, að því er fram kemur í tilkynningu borgarinnar.

Þar segir enn fremur:

"Með samningnum er stefnt að fækkun innbrota, eignaspjalla og umferðarslysa í borginni um 5- 10% milli ára með reglulegum mælingum, viðeigandi viðbrögðum, eftirfylgni og eftirliti. Fulltrúar beggja aðila munu í framhaldi af því greina upplýsingarnar í því augnamiði að efna til viðeigandi aðgerða til að auka öryggi, fækka slysum, skipuleggja forvarnir og grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana.

Lögreglan verður með aðsetur í þjónustumiðstöðvum borgarinnar og mun í samstarfi við starfsmenn miðstöðvanna vinna að forvörnum og fjölskylduþjónustu auk umferðarfræðslu. LRH sendir borgaryfirvöldum upplýsingar um þróun afbrota og umferðarslysa á ársfjórðungs fresti samkvæmt samningnum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðsins, skrifuðu undir samstarfssamninginn í Ráðhúsinu fyrir í dag. Hanna Birna segir samninginn fela í sér ótvíræðan ávinning fyrir borgarbúa. „Með samningnum er stuðlað að sérþekkingu lögreglunnar á aðstæðum og þjónustu innan einstakra hverfa. Sú þekking að viðbættri öflugri samvinnu við starfsmenn þjónustumiðstöðvanna á án efa eftir að skila sér í árangursríkara forvarnarstarfi og auknu öryggi í hverfum borgarinnar.“

Starfsmenn þjónustumiðstöðvanna og lögreglan munu veita íbúum aðstoð við að koma upp nágrennavörslu, skipuleggja athvarfsvaktir og fræðslufundi um forvarnir í hverfum borgarinnar. Þá munu þessir aðilar ásamt ÍTR og foreldrum eiga með sér samráð um foreldrarölt.

Þjónustumiðstöðvar eru í sex hverfum Reykjavíkurborgar og sinna þær þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur."